

Nd. 806. Frumvarp til laga [270. mál.]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. maí.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að fjárhæð allt að 500 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vaxtölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskirteinin skulu skráð á nafn eigenda.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

Heimilt er að taka innlend lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. vegna landhelgisgæzlu til flugvélarkaupa og allt að 23 millj. kr. til að endurlána Þorgeir og Ellert hf, Akranesi, til endurbyggingar skipalyftu, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Heimilt er að taka innlent lán vegna vegáætlunar allt að 95 millj. kr., þar af vegna Djúpvegar 25 millj. kr. og vegna Norðurlandsáætlunar 20 millj. kr.

5. gr.

Heimilt er að ábyrgjast innlend eða erlend lán að jafnvirði allt að 330 millj. kr. vegna Fiskveiðasjóðs Íslands, allt að 150 millj. kr. vegna Laxárvirkjunar til framkvæmda þar, allt að 56 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins vegna stækkunar verksmiðjunnar, allt að 11 millj. kr. vegna virkjunar Mjólkár II og allt að 60 millj. kr. vegna Lánasjóðs sveitarfélaga til að endurlána sveitarfélögum vegna hitaveituframkvæmda. Enn fremur er heimilt að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. erlent lán til byggingar flutningslínu raforku á Norðurlandi.

6. gr.

Lánsfé því, sem aflagast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskirteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskirteinalánum, og lánsfé, sem aflagast hefur verið með sölu spariskirteina skv. heimild í lögum nr. 82/1971, skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Landshafnir	28
Flugöryggismál	16
Rafmagnsveitur ríkisins, framkv.	168
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	20
Sveitarafvæðing	57
Vatnsorkurannsóknir	15
Jarðhitarannsóknir	17
Jarðvarmaveitur	7
Blævardalsárvirkjun	4
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti	6
Endurbætur á Landssmiðju	3
Lögreglustið	14
Reykjanesbraut	45
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	30
Austurlandsáætlun	75
Norðurlandsáætlun	100
Halli á framkvæmdaáætlun 1971	35
	<hr/>
	640
Til Framkvæmdasjóðs Íslands	360
	<hr/>
	Samtals 1000

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.